

FUNDARGERÐ

Fimmtudaginn 28. maí 2015 kl. 14:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsaáskynnum innanríkisráðuneytisins. Fundurinn fór fram í Sölvhólsvör, fundarherbergi á 1. hæð Sölvhólsgötu 7, Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðný Sverrisdóttir formaður, Ásgerður Gyldadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Elínu Pálsdóttur, Elínu Gunnarsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Halldóri V. Kristjánssyni. Gestir fundarins voru þau Guðný Stefánsdóttir og Tryggvi Sigurðsson, starfsmenn Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.

Guðný Sverrisdóttir formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

FUNDARGERÐ FRÁ 11. MAÍ 2015

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerð frá fundi ráðgjafarnefndar 11. maí sl. Fundargerðin var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

UPPGJÖR FRAMLAGA FRÁ RÍKI 2014

Lagt var fram til kynningar uppgjör Fjársýslu ríkisins, dags. 22. maí 2015, á framlögum frá ríki í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna ársins 2014. Þar kemur fram að innheimtar skatttekjur ríkissjóðs á árinu 2014 séu áætlaðar 585.350,3 m.kr. en þar af nemur hlutdeild Jöfnunarsjóðs 2,12%. Álagningarstofn útsvars fyrir tekjuárið 2013 nam samtals 988.100,1 m.kr. samkvæmt upplýsingum frá embætti Ríkisskattstjóra en þar af nemur hlutdeild Jöfnunarsjóðs 0,264%. Heildarframlög frá ríki á árinu 2014 námu samtals 17.692,8 m.kr. Þar af námu sérstök viðbótarframlög vegna greiðslu sveitarfélaga á húsaleigubótum 2.668,0 m.kr.

Að teknu tilliti til greiðslna úr ríkissjóði á árinu 2014 að fjárhæð um 17.524,0 m.kr. og skuldar sjóðsins við ríkissjóð vegna ársins 2013 að fjárhæð um 23,7 m.kr. liggur nú fyrir að inneign Jöfnunarsjóðs hjá ríkissjóði í árslok 2014 nemur um 145,1 m.kr.

Framlag menntamálaráðuneytisins í Jöfnunarsjóð á árinu 2014 nam 520,0 m.kr. vegna eflingar tónlistarfræðslu og jöfnunar á aðstöðumun nemenda til námsins.

FRAMLÖG TIL JÖFNUNAR Á TEKJUTAPI VEGNA FASTEIGNASKATTS

Tillaga að áætluðu uppgjóri framlaga 2015

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætluðu uppgjóri framlaga til jöfnunar á tekjutapi sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti á árinu 2015 samkvæmt reglugerð, nr. 80/2001 með síðari breytingum. Áætlað uppgjör framlaganna tekur mið af endurskoðuðu fjármagni til ráðstöfunar á árinu að fjárhæð um 3.459,1 m.kr. Um er að ræða 110,2 m.kr. hækkun á áætlaðri heildarúthlutun framlaganna á árinu 2015 frá áætlun sem birt var í október sl.

Tillaga að áætluðu uppgjóri framlaganna á árinu 2015 byggir á upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands um álagningarstofna fasteignaskatts í sveitarfélögum 31. desember 2014, þar sem tekið er tillit til aðlögunar að breytingum á fasteignamati vegna atvinnuhúsnæðis, ásamt upplýsingum um álagningarprósentur sveitarfélaga á fasteignaskatti á árinu 2015 og upplýsingum um afslætti til elli- og örorkulífeyrisþega á árinu.

Á grundvelli ákvæða reglugerðar nr. 80/2001 með síðari breytingum nam fyrirframgreiðsla framlaganna til sveitarfélaganna, sem fram fór mánuðina febrúar til júní, 60% af áætluðu framlagi ársins eða um 2.009,3 m.kr.

Að teknu tilliti til fjármagns til ráðstöfunar að fjárhæð 3.459,1 m.kr. og fyrirframgreiðslu framlaga að fjárhæð 2.009,3 m.kr. samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu að áætluðu uppgjóri framlaganna á árinu

2015 að fjárhæð 1.449,7 m.kr. sem kemur til greiðslu með þremur jöfnum greiðslum mánuðina júlí, ágúst og september eða um 483,2 m.kr. í hvert sinn.

SIS MAT FYRIR FULLORÐNA

Niðurstaða endurmats á árinu 2014

Fulltrúar Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins gerðu grein fyrir mati á stuðningsþörf fatlaðra einstaklinga (SIS mati) sem orðnir voru 18 ára við yfirfærslu málefna fatlaðs fólks 1. janúar 2011.

Í tengslum við yfirfærsluna var gert ráð fyrir endurmati á stuðningsþörf allra fatlaðra einstaklinga frá 18 ára aldri sem fengið hefðu búsetutengda þjónustu á vegum opinberra aðila. Á árinu 2014 fór endurmatið fram. Tilgangur með endurmatinu var:

- Að meta hugsanlegar breytingar á niðurstöðum matsins yfir nokkurra ára tímabil.
- Að greina hugsanlegar breytingar m.t.t. fötlunar, aldurs, kyns, búsetu o.fl.
- Að ganga úr skugga um réttmæti og áreiðanleika matskerfisins.

Endurmatið náði til 747 einstaklinga vítt og breitt um landið, um heldur færri einstaklinga var að ræða en í fyrra matinu sem fram fór á árinu 2010 eins og áður segir. Á sama tíma og endurmat var framkvæmt fór einnig fram mat á „nýgengi,“ en þar var um að ræða 120 einstaklinga sem koma nýir inn í þjónustuna. Endurmati lauk í desember sl. Eftir athugun á heildarniðurstöðum matsins var ákveðið að endurtaka matið á tæplega 80 einstaklingum sem sýndu óeðlilega mikil frávik frá árinu 2010. Unnin hefur verið ítarleg greining á niðurstöðum endurmatsins og hafa endanlegar niðurstöður borist Jöfnunarsjóði og munu berast sveitarfélögum í næstu viku.

SIS MAT FYRIR BÖRN

Áætlað að mati ljúki haustið 2016

Í máli Tryggva og Guðnýjar kom fram að helstu rök fyrir þróun kerfis til að meta stuðningsþörf fatlaðra barna séu:

- Fötluð börn eru ólík ófötluðum börnum vegna þess að þau þurfa annars konar og meiri stuðning til að geta tekið fullan þátt í athöfnum daglegs lífs.
- Skilningur á þörf fatlaðra barna fyrir stuðning er gagnlegri við skipulagningu þjónustu en skilningur á orsökum fötlunar.
- Með barnaútgáfu SIS mats fæst hlutlæg og víðtæk mæling á stuðningsþörf fatlaðs barns í samanburði við önnur fötluð börn.
- Matið verður látið ná til fatlaðra barna á aldrinum 6 – 18 ára.

Helstu rök fyrir mikilvægi hlutlægs og nákvæms mats á stuðningsþörf fatlaðra barna eru í raun þau sömu og gilda fyrir fullorðna fatlaða einstaklinga:

- Tryggja þarf rétt barna og fjölskyldna þeirra til vandaðrar þjónustu, sem tekur mið af þörfum þeirra fyrir stuðning á ýmsum sviðum.
- Hlutlægt matskerfi er án efa besta trygging fyrir vandaðri og réttlátri nýtingu þeirra takmörkuðu fjármuna sem varið er til þjónustunnar.
- Hlutlægt mat á stuðningsþörf er því mikilvægur þáttur í gæðastýringu í málefnum fatlaðra barna og fjölskyldna þeirra.

Barnaútgáfa SIS mats hefur verið þróuð á undanförunum árum af hópi sérfræðinga undir forystu James R. Thompson, prófessors við ríkisháskólann í Illinoi. Mörg Evrópulönd hafa einnig tekið þátt í rannsóknum á þróun barnaútgáfu SIS mats og undirritaður hefur verið samningur um þátttöku Íslands í því verkefni.

Aflað hefur verið leyfa frá Vísindasiðanefnd og Persónuvernd til stöðlunar á SIS mati fyrir börn og er fyrirhugað að vinna við stöðlun matsins hefjist á næstu vikum og ljúki haustið 2016.

SAMNINGUR VIÐ GREININGAR- OG RÁÐGJAFARSTÖÐ

Lögð voru fram til kynningar drög að verksamningum milli innanríkisráðuneytisins, vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins um framkvæmd á SIS mati fyrir börn. Annars vegar er um að ræða samning með tilvísun til 4. gr. reglugerðar um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla, nr. 351/2002, er fjallar um framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda. Hins vegar er um að ræða samning með tilvísun til 7. gr. reglugerðar um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015. Báðir samningarnir taka mið af samþykkttri tillögu ráðgjafarnefndar sjóðsins um framkvæmd SIS mats á fötluðum börnum á aldrinum 6 – 18 ára.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að lokið yrði við drögin að verksamningunum og þau send nefndarmönnum til kynningar. Stefnt væri að því að samningarnir væru teknir til afgreiðslu á næsta fundi nefndarinnar.

ALMENN FRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK

Endurskoðun framlaga vegna ársins 2014 – Uppgjör á árinu 2015

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir endurskoðuð og leiðrétt framlög á árinu 2014 en eins og fram hefur komið var ákveðið að endurtaka matið frá 2014 á tæplega 80 einstaklingum sem sýndu óeðlilega mikil frávik frá árinu 2010.

Leiðrétting framlaga á grundvelli endurmatsins kemur til með að hafa töluverð fjárhagsleg áhrif á niðurstöðu framlaga til nokkurra þjónustusvæða og samþykkti ráðgjafarnefndin að leiðrétting vegna þessa færi fram á árinu 2015. Frekari umræðu um málið var frestað til næsta fundar.

Endurskoðuð áætlun framlaga vegna ársins 2015

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu 3. áætlun um úthlutun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015. Gert er ráð fyrir að ráðstöfunarfjármagn til greiðslu framlaganna verði óbreytt frá fyrri áætlun eða 10.700 m.kr.

Helstu breytingar frá 2. áætlun framlaganna eru eftirfarandi:

- Tekið hefur verið tillit til lögheimilisbreytinga og þeirra einstaklinga sem hafa látist.
- Tekið er tillit til niðurstöðu þeirra breytinga sem orðið höfðu á stuðningsþörf tiltekinna einstaklinga á árunum 2010 - 2014 og komu fram við endurmatið á árinu 2014.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að 3. áætlun um úthlutun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015 væri samþykkt.

Fram kom að unnið yrði í sumar að 4. áætlun um úthlutun framlaganna á árinu 2015 og helstu þættir í þeirri vinnu væru eftirfarandi:

- Söfnun upplýsinga um einstaklinga sem eru nýir í þjónustunni og mat á stuðningsþörf þeirra (SIS mat).
- Framkvæmd mats á stuðningsþörf (SIS fyrir börn) þeirra barna sem njóta framlaga í jöfnunarkerfinu.

Sérstök viðbótarframlög úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Á grundvelli heimildar í c. lið 2. gr. reglugerðar um Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, nr. 578/2012 með síðari breytingum samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að leitað yrði til ráðgjafarnefndar Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um mögulegt viðbótarframlag úr Fasteignasjóði á árinu 2015 til að hægt væri að koma til móts við íþyngjandi kostnað þjónustusvæða/sveitarfélaga vegna niðurstöðu endurmatsins á árinu 2014.

REGLUGERÐ UM FRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK

Útgáfa nýrrar reglugerðar vegna ársins 2015

Lögð voru fram til kynningar drög að nýrri reglugerð vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015. Farið var yfir tillögur að fyrirhuguðum breytingum sem fram koma í drögum að nýrri reglugerð og þær teknar til umfjöllunar af nefndinni.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að drögin að nýrri reglugerð væru endurbætt með tilvísun til þeirrar umfjöllunar sem fram hefði farið á fundinum. Ný drög væru síðan send nefndarmönnum til skoðunar áður en óskað væri eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þegar umsögn Sambandsins lægi fyrir væri boðað til fundar ráðgjafarnefndarinnar þar sem drögin að nýrri reglugerð væru tekin til afgreiðslu.

BYGGÐASAMLAG UM MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS Á VESTFJÖRDUM

Erindi Byggðasamlagsins til innanríkisráðherra, dags. 21. maí 2015

Staða mála

Lagt var fram til kynningar erindi Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, dags. 21. maí 2015. Í erindinu er gerð grein fyrir erfiðum rekstri Byggðasamlagsins og þess farið á leit að skoðaður verði sá möguleiki við setningu nýrrar reglugerðar um framlög vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015 að innbyrðis skiptingu almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk verði breytt í ljósi mikilla rekstrarerfiðleika sem sum þjónustusvæði/sveitarfélög búa við umfram önnur.

Að mati nefndarinnar er ekki hægt að breyta innbyrðis skiptingu framlaga á árinu 2015 þar eð niðurstöðu SIS-matsins og útsvarsstofni sveitarfélaganna er ætlað að ráða þar för.

Fram kom að á næsta fundi nefndarinnar, sem haldinn verður 22. júní nk., muni umfjöllun um málefni byggðasamlagsins halda áfram. Vonir stæðu til að á þeim fundi lægi fyrir ný reglugerð um málefni fatlaðs fólks á árinu 2015 ásamt skýrslu R3 – Ráðgjafar um fjárhagslega og faglega úttekt á rekstri Byggðasamlagsins.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að fyrir fund nefndarinnar þann 22. júní nk. væri óskað eftir greinargerð frá Byggðasamlaginu um þær hagræðingaraðgerðir sem mögulegt væri að ráðast í á svæðinu að mati fulltrúa Byggðasamlagsins ásamt upplýsingum um fjárhagslega skiptingu þess sem annars vegar fylgir almennum hluta málaflöksins og hins vegar sértæka hlutanum á árinu 2014.

ÖNNUR MÁL

Viðauki II við samkomulag frá 13. maí 2011 um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til námsins.

Lögð voru fram til kynningar drög að Viðauka II, við samkomulag frá 13. maí 2011, um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til námsins. Samkomulagið var áður framlengt með viðauka, sem var dagsettur 5. mars 2014 og gildi til 31. desember 2014.

Fram kom á fundinum að þrátt fyrið að sú framlenging sé liðin hafi framlög verið greidd sjóðnum á grundvelli heimildar í fjárlögum ársins 2015 þannig að sveitarfélögum hafi verið greidd framlög mánaðarlega frá áramótum vegna kennslukostnaðar þó viðauki II við samkomulagið hafi enn ekki tekið gildi.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að fresta frekari umræðu um málið þar til viðauki II við samkomulagið frá 13. maí 2011 hefði tekið gildi.

Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum viðaukanum samfara.

Lagt var fram til kynningar vinnuskjal, dags. 11. maí 2015, hvað varðar frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms svo og vegna samkomulags um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga því samfara.

Ákveðið var að næsti fundur ráðgjafarnefndar yrði mánudaginn 22. júní kl. 12:00. Fram kom að hugsanlegt væri að haldinn yrði fjarfundur í millitíðinni.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 17:30.

Halldór V. Kristjánsson